

Kristín Halldórsdóttir:

EFNAHAGSMÁL

Flutt á landsfundi Kvennalistans
á Lýsuhóli 4.-6. nóv. '88.

Það svona þyrmdi svolítið yfir mig í ágústlok, nýkomna úr norðlenskum berjamó, þegar ég áttaði mig á því, að efnahagsástandið og pólitíkin og fleiri slíkar skepnur höfðu ekki tekið sér neitt sumarfrí, og menn voru farnir að tala um algjört hrun og nauðsyn aðgerða og hver veit hvað. Kvennalistakonur höfðu ekki látið sitt eftir liggja og blandað sér í umræðuna með sínum sérstaka hætti, sett saman bréf til forsætisráðherra og fært honum það líka með sínum sérstaka hætti - með kökukeflin á lofti - til þess að leggja áherslu á kröfu kvenna að fá að leggja sína þekkingu og reynslu af mörkum við bakstur þjóðarkökunnar.

Í framhaldi af þessu öllu saman fannst okkur nauðsynlegt að efla umræðu um efnahagsmálin, endurmeta fyrri niðurstöður og útfæra okkar tillögur betur. - Við náðum saman stórum, góðum hópi í Reykjanesi, samtals um 18 konum, sem reyndar hafa ekki verið allar allan tímann, en kjarninn úr hópnum hefur átt saman nokkra fundi og fjallað um ríkisfjármál og efnahagsmál í viðum skilningi.

Það hefur margt gott komið út úr þessu starfi, miklar og góðar umræður, og ég held kannski að það hafi einmitt lokist upp fyrir sumum, sem ekki hafa áður þuðað í slíku, að efnahagsmál eru ekki endilega einhver óskiljanleg skepna, eitthvað ægilega karlalegt, sem konur hafi ekkert vit á, eins og mörgum er tamt að halda, enda er því óspart haldið á lofti.

Við ræddum dálítið spurninguna: Hvað eru efnahagsmál fyrir konum? Þið vitið - þegar orðið efnahagsmál er nefnt, dettur e.t.v. mörgum í hug verðbólga, vextir, gengi, erlendar skuldir, viðskiptahalli o.s.frv. Okkur líka. En alltaf þegar við ræðum efnahagsmál, þá endum við í umræðum um launamál. Fyrir konum eru efnahagsmál kaup þeirra og kjör og fyrir konum eru efnahagsmál efnahagur heimilanna og framtíð barnanna.

Við ræddum um markmið og án allrar skráðmælgis og tungubrjótandi orða, þá komumst við að þeirri niðurstöðu, að aðalmarkmiðið væri, að allir hefðu atvinnu (helst við sitt hæfi) og gætu lifað sómasamlegu lífi af launum sínum.

Nú, þetta er náttúrlega ekki í fyrsta sinn, sem við ræðum efnahagsmál ítarlega í Kvennalistanum, það var tekið á þeim í fyrstu stefnuskránni okkar, þeim grundvelli, sem hefur reynst okkur svo vel, og þau eru betur útfærð í stefnuskránni, sem við unnum saman fyrir síðustu kosningar. Og ég held það væri ekki úr vegi að lesa hér upphátt fyrstu setningarnar í kaflanum um efnahagsmál:

"Markmið hverrar efnahagsstefnu hlýtur að vera að tryggja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, fulla atvinnu og góða afkomu. Kvennalistinn leggur til grundvallar stefnu hinnar hagsýnu húsmóður, stefnu sem miðar að því að Íslendingar geti í sem ríkustum mæli lifað á eigin framleiðslu og hagi útgjöldum í samræmi við tekjur."

Þetta les ég nú bara til að minna ykkur á, að við eigum stefnuskrá, mjög góða stefnuskrá - sem mér finnst við oftara mega halda á lofti og lesa, t.d. á fundum okkar í öngunum. Við ættum að hafa það fyrir venju að taka tíma í það á hverjum félagsfundi að lesa kafla úr stefnuskránni, ræða hann og setja í samhengi við atburði líðandi stundar. Aðstæður eru alltaf að breytast, og í ljósi þeirra þarf að endurmeta alla hluti og fyrri ákvarðanir, þótt grunntóninn breytist ekki.

Og hvernig eru þá aðstæður nú? Eru aðstæður og forsendur til að ná þeim markmiðum, sem við setjum ofar öllu, þ.e. bættum kjörum kvenna, bættum hag heimilanna og bjartari framtíð barnanna okkar?

Það er nýlega komin út þjóðhagsáætlun, sem er náttúrlega enginn skemmtilestur. Hópurinn okkar dró út nokkra punkta úr þessari áætlun, sem sýna okkur ekki fjarska bjarta mynd, en við skulum hafa í huga, að þeim heiðursmönnum í þjóðhagsstofnun er vonandi fleira til lista lagt en að spá, því það verður að segjast eins og er, að þeir hafa aldrei spáð rétt og venjulega svartar en raun hefur orðið á.

(punktar?)

Þetta eru nú svona fróðleiksmolar og helstu punktar úr þjóðhagsáætlun, og mig langar kannski fyrst að fjalla örlítið um þetta síðasta, þ.e. viðskiptahallann.

Viðskiptahallinn er sem sé afleiðing þess, að við eyðum meira en við öflum. Og það gengur auðvitað ekki til lengdar, a.m.k. ekki til eilíðar.

Nú, en öll mál hafa fleiri en einn flöt, og við skulum ekkert gleyma því, að helstu tekjur ríkissjóðs eru söluskattstekjur, og þær fást fyrst og fremst af öllum þessum innflutta varningi, sem aftur skapar viðskiptahallann. Það er nú það.

Oft fussa menn mikinn yfir þessum innflutningi á öllum óþarfanum, og þá er gjarna minnst á danska kökubotna, kökur og kex, og einhver minntist á slíkt í gær, ef ég man rétt.

En - hverjir kaupa þetta?

Er sökin bara hjá óþjóðhollum, gírugum heildsölum? Ætli það sé ekki neytendanna að ákveða hvað þeir kaupa - hvers þeir neyta? Ekki flytja menn inn dót, sem enginn kaupir, aldrei til lengdar a.m.k.

Hugsum þetta mál svolítið betur.

Á þetta ekki einmitt erindi við konur? Jú, konur ráða miklu, a.m.k. að því er nýlenduvörurnar varðar.

Við tókum góða rispu um þetta í Reykjanesanganum, hvernig efla mætti ábyrgðartilfinningu neytenda og treystum þá auðvitað fyrst og fremst á konurnar - efla skilning fólks fyrir mikilvægi þess að kaupa íslenskt, skilning þess á því, að með því að velja t.d. Kópral Sjampó og Frónkex og Vex þvottaduft og hvað þetta allt heitir, þá sé það að leggja sitt af mörkum til að minnka hinn ógnvekjandi viðskiptahalla og efla atvinnu hér innanlands. Okkur datt m.a. í hug hvort ekki væri unnt að koma á samvinnu iðnrekenda, kaupmannasamtaka og neytendasamtaka um átak í þessum málum, t.d. með því að allir sameinuðust í áróðri fyrir notkun íslensks varnings. Og okkur fannst athugandi, að verslunareigendur merktu hillur sínar með íslenskum vörum sérstaklega og þar fram eftir götunum.

Það var minnst á það í umræðum hér í gær, hvort ekki væri þörf á kvóta á innflutningi, og það er von að konum detti slíkt í hug. Við búum við kvóta í öllum fjandanum - það er kvóti í landbúnaði og það er kvóti í sjávarútvegi, einmitt þeim atvinnuvegi sem stendur undir þjóðfélaginu. Þetta þurfum við að hugsa miklu betur, ég veit að þar rekum við okkur á ótal veggi vegna tolla og fríverslunarbandalaga. Enda eru önnur ráð.

Vandamálið er það, að við flytjum of mikið inn og of lítið út eða við getum líka sagt að við eyðum of miklu í innflutning og fáum of lítið fyrir helstu útflutningsvörur okkar. Við getum sannarlega reynt að breyta þessu, og við eigum að reyna það. Það merkilega er, að þetta er í rauninni spurning um uppeldi, spurning um hugarfarsbreytingu. Við þurfum að efla vitund um mikilvægi þess að eyða ekki gjaldeyri í óþarfa og kaupa íslenskt fremur en innflutt, ef þess er nokkur kostur. Og þá kemur auðvitað til sögunnar mikilvægi þess að íslenskar vörur séu samkeppnisfærar í verði og gæðum.

Þá þurfum við ekki síður að bæta útflutningsframleiðslu okkar, og það er líka töluverð spurning um hugarfar. Við þurfum að hefja sókn í sköpun verðmæta, þar sem áherslan er á gæði, ekki magn. Lausnin er: Betri nýting hráefna, bætt meðferð, gæðavara.

Og við þurfum ekki að vera neitt bangin í þeim efnum né svartstýn á framtíðina. Við eigum ekki bara fisk í sjónum umhverfis landið okkar og ýmislegt annað hráefni, við höfum hér ýmislegt fleira, sem er umheiminum öfundarefni, og það er hreint loft, tært vatn og tiltölulega ómengað land. Þetta eru ómetanlegir þættir í heimi, sem er að farast í mengun og drullu.

En það er þetta með ástandið, þ.e. núverandi efnahags- og atvinnuástand. Er það þannig vaxið, að við höfum litla von um að ná markmiðinu, sem ég nefndi hér í upphafi máls, þ.e. að allir hafi atvinnu (helst við hæfi) og geti lifað sómasamlega af launum sínum - dagvinnulaunum vel að merkja? Eiga konur að hafa hljótt um sinn bága hag, af því atvinnurekendur eiga bággt nú um stundir, kaupmáttur launa of hár, eins og sagt er og allt það?

Auðvitað ekki.

Sannleikurinn er auðvitað sá, að kakan er alveg nógu stór, henni er bara svo ranglátlega skipt.

Í þessum þætti sem ýmsum öðrum endar umræða okkar kvennalistakvenna alltaf á þessum sama punkti, þessari sömu niðurstöðu. Það þarf hugarfarsbreytingu, breytt verðmætamat, kannist þið við orðin?

Kannski síast þetta inn, ef umræðan er nógu markviss og viðtæk. Þar má aldrei undan láta. Við hljótum að setja traust okkar á framtíðina, börnin okkar, til að fullkomna það verk.

Við setjum ekki lög um hugarfar, en það má vinna að hugarfarsbreytingu og þar hefur Kvennalistinn verk að vinna.